

Fundagerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands 16. september 2010 kl. 16:00 í Hermes á Reyðarfirði, 3. fundur stjórnar á árinu.

Mætt eru: Páll Baldursson, Sigurbjörn Marinósson og Elfa Rúnarsdóttir. Í símasambandi voru Einar Björn Kristbergsson, Svanhvít Aradóttir og Þorbjörn Rúnarsson.

Dagskrá:

- 1. Yfirferð á samningi Skólaskrifstofu Austurlands vegna endurskoðunar**
- 2. Nýjar reglugerðir**
- 3. Undirbúningur aðalfundar**
- 4. Ársreikningur 2009**
- 5. Önnur mál.**

1. Yfirferð á samningi Skólaskrifstofu Austurlands vegna endurskoðunar

Sigurbjörn fór yfir stöðu mála varðandi endurskoðun á samningi Skólaskrifstofu Austurlands vegna undirbúnings fyrir aðalfund.

2. Nýjar reglugerðir

Sigurbjörn kynnti nýja reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Sérstaklega vakti hann athygli stjórnar á 11. og 12. grein reglugerðarinnar og einnig 19. greinar um vísun mála til nemendaverndarráðs. Einnig var vakin athygli á reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Stjórnin hvetur Fræðslunefndir sveitarfélaga til að taka reglugerðirnar til umfjöllunar.

3. Undirbúningur aðalfundar

Stjórn samþykkir að stefna að aðalfundi 22. október nk. Sigurbjörn fór yfir helstu þætti varðandi undirbúning fyrir aðalfund, svo sem fulltrúa í stjórn, fjárhagsáætlun og breytingar á samþykktum.

4. Ársreikningar 2009

Sigurbjörn fór yfir ársreikninga Skólaskrifstofunnar fyrir árið 2009. Jafnframt fór Sigurbjörn yfir bréf endurskoðenda til formanns stjórnar.

5. Önnur mál

- Námskeið félags dönskukennara 24. september í Neskaupstað.
- Námskeið: Stærðfræði undir berum himni, 24. september.
- Námskeið: Skólaganga barna með athyglisbrest og ofvirkni, 30. september og 1. október nk.
- Erindi frá menntamálaráðuneyti varðandi velferð og vellíðan í skólum.
- Skólaskrifstofan mun eins og áður sjá um Stóru upplestrakeppnina.
- Bílamál: Stjórn samþykkir að veita forstöðumanni heimild til að semja við Höldur bílaleigu varðandi afnot bifreiða.

Fleira var ekki, fundi slitið kl 16:50. Fundagerð ritaði Páll Baldursson.

Páll Baldursson (sign)

Elfa Rúnarsdóttir (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)